

Nd.

605. Frumvarp til laga

[231. mál]

um breyting á lögum nr. 63 16. apríl 1971, um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélagum.

(Eftir 3. umr. í Nd., 3. maí.)

Samhljóða þskj. 477 með þessari breytingu:

2. gr. hljóðar svo:

7. gr. laganna orðist svo:

Eftirlaun skiptast í ellilífeyri, örorkulífeyri og makalífeyri.

Fjárhæð ellilífeyris er hundraðshluti af meðaltali grundvallarlauna næstu 5 almanaksárin, áður en taka lífeyris hefst, og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda, sem félaginn hefur áunnið sér, margfölduðum með 1,8. Aldrei skal þó reikna með færri stigum en 5.

Fjárhæð örorkulífeyris, miðað við 100% örorku, reiknast á sama hátt og ellilífeyrir með þeirri breytingu, að auk áunninna stiga skal reikna þau stig, sem ætla má, að félaginn hefði áunnið sér fram til 70 ára aldurs, miðað við meðaltal stiga þrjú síðustu almanaksárin, áður en hann varð öryrki. Sé orkutap minna en 100%, greiðist örorkulífeyrir í hlutfalli við orkutapið. Örorkulífeyrir fellur niður við 70 ára aldur. Reiknast þá ellilífeyrir í samræmi við þann stigafjölda, sem örorkulífeyrir miðast við.

Fjárhæð makalífeyris er hundraðshluti af meðaltali grundvallarlauna næstu 5 almanaksárin, áður en taka lífeyris hefst, og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda, sem félaganum var reiknaður, að viðbættum 5 stigum. Falli félagi frá, áður en hann nær 70 ára aldri, skal auk áunninna stiga reikna þau stig, sem ætla má, að hann hefði áunnið sér fram til 70 ára aldurs, miðað við meðaltal stiga þrjú síðustu almanaksárin, áður en hann féll frá.

Verði það þriggja ára meðaltal stiga, sem um ræðir í 3. og 4. málsgl., talið óhagstætt vegna sjúkdómsforfalla eða atvinnuleysis, er heimilt að leggja til grundvallar meðaltal stiga fleiri ár aftur í tímann og sleppa úr meðaltalinu því almanaksári, sem lakast er.

Maður getur notið samtímis makalífeyris og elli- eða örorkulífeyris samkvæmt lögum þessum, enda sé heildarfjárhæð eftirlauna eigi hærri en sem svarar fjárhæð ellilífeyris fyrir 20 áunnin stig.